



Skólastjóri Kirkjubæjarskóla

Skaftárhreppur óskar eftir að ráða skólastjóra Kirkjubæjarskóla, samrekins leik- og grunn-skóla. Skólastjóri ber ábyrgð á starfsemi skólans, rekstri og mannauðsmálum. Hann gegnir lykilhlutverki í mótun skólastarfsins og í samstarfi skóla og samfélags. Leitað er að lausna-miðuðum leiðtoga með metnað og einlægán áhuga á skólastarfi.

Kirkjubæjarskóli er í samstarfi við Tónlistarskóla Skaftárhrepps og Héraðsbókasafnið. Þessar stofnanir eru allar í sama húsnæði og samtengdar íþróttahúsi og sundlaug. Mötuneyti er til staðar fyrir alla nemendur. Húsnæði grunnskólans hefur nýlega verið endurbætt, þar með talið list- og verkgreinastofur. Einkunarorð skólans eru virðing, samstaða, jákvæðni, sjálfbærni. Nánari upplýsingar um skólann er að finna á heimasíðu skólans:

www.klaustur.is/is/ibuar/kirkjubaejarskoli-a-sidu

HELSTU VERKEFNI

- Stjórnun og ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri skólans
- Fagleg forysta skólans
- Ábyrgð á framþróun í skólastarfi
- Hafa forystu um og styðja samstarf í samræmi við farsældarlög
- Leiða samstarf starfsfólks, nemenda, heimila og skólasamfélagsins í heild
- Samstarf við skólanefnd, sveitarstjóra og sveitarstjórn

MENNTUNAR- OG HÆFISKRÖFUR

- Leyfisbréf til kennslu og kennslureynsla á grunnskólastigi
- Framhaldsmenntun í stjórnun eða uppeldis- og kennslufræðum er æskileg
- Farsæl reynsla af rekstri, stjórnun og skólaþróun er æskileg
- Framúrskarandi hæfni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Leiðtogafærni, metnaður og styrkur til ákvarðana
- Skipulagshæfni og góð yfirsýn
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti

Til staðar er stór og björt nýuppgerð íbúð á hagstæðum kjörum. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ. Ráðið er í starfið frá 1. ágúst 2025 eða eftir samkomulagi. Um er að ræða fullt starf.

Umsóknum skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar ásamt rökstuðningi fyrir hæfi til að sinna starfinu.

Umsóknir óskast sendar á www.hagvangur.is ásamt ferilsskrá og kynningarbréfi.

NÁNARI UPPLÝSINGAR

Hólmfríður G. Guðjónsdóttir, skólastjóri

✉ holmfridur@klaustur.is

☎ 664 8235

Geirlaug Jóhannsdóttir

✉ geirlaug@hagvangur.is

UMSÓKNARFRESTUR

Til og með 10. mars 2025



Kirkjubæjarklaustur er í Skaftárhreppi um 250 km austur af Reykjavík. Í sveitarfélaginu búa um 700 íbúar. Þar eru gildin virðing, jákvæðni, samstaða og sjálfbærni höfð að leiðarljósi. Á Klaustri er taktur lífsins rólegri, þar bjóðast spennandi atvinnutækifæri og möguleikar til útivistar í einstakri náttúru-fergurð eru óþrjótandi.
Velkomin heim.

→ heima.klaustur.is